

## 1.1 SAMRÆMDAR REGLUR UM SKÓLASÓKN NEMENDA Í REYKJAVÍK

Í upphafi skólaárs og við annaskil eru allir nemendur með fullnægjandi skólasókn. Fjarvistarstig eru gefin vegna **óheimilla fjarvista og óstundvísi eftir ákveðnu kerfi**. Óstundvísi er eitt fjarvistarstig (1) og óheimil fjarvist er tvö fjarvistarstig (2). Fjarvistarstig fyrir óstundvísi er gefið þegar kennari er mættur til kennslu og nemandi ekki mættur. Tvö fjarvistarstig eru gefin fyrir fjarvist þó nemandi mæti í seinni helming kennslustundar.

**Skólasókn nemenda sem eru komnir með 40 fjarvistarstig er vísað til nemendaverndarráðs skóla.**

Þó meginreglan sé sú að fylgja beri þessum viðmiðum skulu starfsmenn skóla ævinlega leggja faglegt mat á aðstæður nemenda og taka tillit til aldurs þeirra og þroska. Umsjónarkennari rýnir reglulega í skólasókn umsjónarnemenda sinna. Skoða þarf hvort munstur er í fjarveru og/eða seinkomum nemenda. Einnig þarf að huga að fjarveru vegna leyfa og veikinda.

### Prep 1, þegar nemandi hefur fengið 10 fjarvistarstig

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamanna í gegnum Mentor og ræðir við nemandann. Ef ástæða er til hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn símleiðis eða boðar þá til fundar. Dagsetning funda og/eða símtals er skráð í dagbók í Mentor.

### Prep 2, þegar nemandi hefur fengið 20 fjarvistarstig

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar ásamt nemanda ef það á við ásamt aðstoðarskólástjóra eða deildarstjóra. Foreldrum er gerð grein fyrir ábyrgð þeirra á skólasókn barns sbr grunnskólalög. Gerð er áætlun um bættu skólasókn sem fundarmenn undirrita. Dagsetning fundar er skráð í Mentor og fundargerð sett í persónumöppu nemandans.

### Prep 3, Þegar nemandi hefur fengið 30 fjarvistarstig

Umsjónarkennari boðar foreldra/forráðamenn til fundar ásamt nemanda ef við á og skólástjóra eða fulltrúa hans. Fyrir boðaðan fund er tekið saman hvað hefur verið reynt eftir 20 fjarvistarstig. Foreldrum er gerð grein fyrir ábyrgð þeirra á skólasókn barns sbr grunnskólalög. Gerð er ný aðgerðaráætlun um bættu skólasókn jafnframt eru foreldrar upplýstir um að ef ekki verður bót á skólasókn verði málinu vísað til viðbragðsteymis skólaþjónustu og eftir það til barnaverndar ef ekki næst árangur. Dagsetning fundar er skráð í Mentor og fundargerð og aðgerðaráætlun sett í persónumöppu nemandans. Málinu er jafnframt vísað til nemendaráðs.

### Þegar nemandi hefur fengið 40 fjarvistarstig – skólástjóri sendir tilvísun til Miðgarðs

Skólástjóri eða fulltrúi hans sendir tilvísun til Viðbragðsteymis Miðgarðs sem boðar til fundar svo fljótt sem verða má með foreldrum/forráðamönnum og fulltrúum skóla. Markmiðið er að

bregðast við með persónulegri aðstoð og ráðgjöf við foreldra og nemanda með skoðun á námsumhverfi, líðan og félagslegum aðstæðum.

### **Pegar nemandi hefur fengið 60 fjarvistarstig eða fleiri - skólastjóri vísar máli til Barnaverndar Reykjavíkur í samráði við Miðgarð**

Eftir umfjöllun í nemendaverndarráði sendir skólastjóri tilkynningu til Barnaverndar Reykjavíkur sem tekur við málinu skv. verklagsreglum Skóla- og frístundasviðs og Velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölþættan vanda. Barnavernd leiðir þá teymi og ber ábyrgð á vinnu þess, sbr. verklagsreglu C, lið 8.

## **Verkferill vegna veikinda og leyfisdag**

### **Prep 1, 5 veikinda-og/eða leyfis dagar**

Umsjónarkennari hefur samband við foreldra/forráðamenn. Skráir símtalið í dagbók í Mentor.

### **Prep 2, 10 veikinda og/eða leyfis dagar**

Umsjónarkennari boðar foreldra til fundar ásamt aðstoðarskólastjóra eða deildarstjóra. Foreldrum gerð grein ábyrgð þeirra á skólasókn barns sbr, grunnskólalög og leitað lausna með foreldrum. Farið yfir hvernig vandinn birtist, áætlun um hvernig bregðast skuli við vandanum. Eftirfylgni eins og læknisvottorð. Fundargerð undirrituð og sett í persónumöppu.

### **Prep 3, 15 veikinda eða leyfis dagar**

Umsjónarkennari tilkynnir stöðuna til skólastjóra sem tekur málið upp í nemendaverndarráði. Ef 80% eða meira af þessum dögum er vegna veikinda getur skólastjóri falið skólaheilsugæslu að hafa samband við foreldra.

### **Prep 4, 20 veikinda-og eða leyfis dagar**

Umsjónarkennari fyllir út tilvísun í nemendaráð. Nemendaráð getur tekið ákvörðun um að skólastjóri/aðstoðarskólastjóri boði foreldra til fundar ásamt umsjónarkennara og fulltrúa skólalögnustu Miðgarðs.

### **Prep 5, 30 veikinda-og/eða leyfis dagar**

Nemendaverndarráð tilkynnir til Barnaverndar Reykjavíkur eftir tilvísun frá umsjónarkennara.

Málið unnið samkvæmt verklagsreglum skóla-og frístundasviðs og velferðarsviðs um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins vegna nemenda með fjölpættan vanda.